



Fréttatilkynning

Efni: Allir sem einn – sjálfboðaliðavefur Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

- 157.686 Íslendingar eru félagar í a.m.k. einu íþróttafélagi innan ÍSí eða um 49,3% landsmanna.
- Um 25.000 einstaklingar eru sjálfboðaliðar í stjórnnum, ráðum og nefndum innan íþróttahreyfingarinnar
- Enn fleiri sjálfboðaliðar koma að skipulagningu á kappleikjum, mótum og foreldrarstarfi.

Í tilefni af Alþjóðadegi sjálfboðaliðans í dag, 5. desember 2013, vill Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands nota tækifærið og þakka öllum sjálfboðaliðum innan hreyfingarinnar fyrir sitt framlag í þágu íþrótta.

Starfsemi íþróttahreyfingarinnar byggist á stórum hluta á vinnu sjálfboðaliða. Fjöldi fólks hefur lagt íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í nefndum, ráðum eða vinnuhópum, tekið þátt í foreldrarstarfi eða aðstoðað við framkvæmd móta eða kappleikja.

Nýverið var tekinn í notkun sjálfboðaliðavefurinn „Allir sem einn“. Megin markmiðið með vefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfboðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSí. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfboðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar.

Við hvetjum alla til þess að fara inn á www.isi.is smella á „Allir sem einn“ og skrá inn sitt vinnuframlag. Með því móti náum við að gera störf sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar sýnilegri.

Nánari upplýsingar um vefinn gefur Kristín Lilja Friðriksdóttir, verkefnisstjóri Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í síma 514-4000 / 865-0710 eða á netfangið kristin@isi.is.

Virðingarfyllt,

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDA ÍSÍ

